

Sp.

507. Nefndarálit

[11. mál]

um till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og athugað þær umsagnir sem henni bárust. Fram hefur komið í umsögnum að víða eru heimilisstörf metin til starfsreynslu í kjarasamningum. Nefndarmenn leggja til að þingsályktunartillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem tillaga þessi fjallar um efni sem ber að semja um í kjarasamningum en ekki ákvarða með fyrirmælum frá Alþingi telur sameinað þing ekki ástæðu til ályktunar í þessu máli og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Stefán Benediktsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Alþingi, 13. febr. 1986.

Ólafur Þ. Þórðarson,
form., frsm.

Pétur Sigurðsson.

Eggert Haukdal.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Eiður Guðnason.